



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

## Efni: Viðauki við þjónustusamning við Tónstofu Valgerðar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. ágúst 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. ágúst 2023, ásamt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 23. ágúst 2023, viðauka við þjónustusamning við Tónstofu Valgerðar vegna neðri stiga tónlistarnáms, reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Tónstofu Valgerðar, dags. 18. ágúst 2017:

Lagt er til að samningur Reykjavíkurborgar við Tónstofu Valgerðar vegna neðri stiga tónlistarnáms sem rann út þann 31. júlí 2023 verði framlengdur með viðauka frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024, með þeim hætti að framlög til tónlistarskólans verða óbreytt frá fyrri samningi. Framlög verði tímabundið óbreytt þrátt fyrir breytingu á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem tóku gildi þann 29. júní 2023, sem leiða til skerðingar framlaga vegna aldurs nemenda Tónstofu Valgerðar. Vegna sérstöðu Tónstofu Valgerðar hvað varðar tónlistarnám fullorðins fólks með staðfesta fötlunargreiningu gilda, vegna skólaársins 2023 til 2024, ekki aldursviðmið reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem tóku gildi þann 29. júní 2023. Einnig er lagt til að hafið verði formlegt samtal við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og ríkisvaldið um hvernig fjármögnun tónlistarnáms fullorðins fólks með fötlun verður best fyrirkomið til framtíðar. Sviðsstjóra er falið að gera samning um kennslu á neðri stigum í samræmi við endanlega útreikninga og fjárheimildir sviðsins. Jafnframt verði í viðauka vegna neðri stiga tekið tillit til breytinga sem verða á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla eftir því sem við á vegna undanþágu fullorðins fólks með staðfesta fötlunargreiningu. Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólinn uppfylli skilyrði reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur samkvæmt samningi við tónlistarskólann.

Greinargerð fylgdi

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá við afgreiðsluna.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

Greinargerð, dags. 24.8.2023

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 23.8.2023

Viðauki við þjónustusamning við tónlistarskóla vegna neðri stiga, ódags.

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistaskóla

Þjónustusamningur við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms, dags. 18.8.2017



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um framlengingu samnings við tónstofu Valgerðar vegna neðri stiga tónlistarnáms.***

Lagt er til að samningur Reykjavíkurborgar við Tónstofu Valgerðar vegna neðri stiga tónlistarnáms sem rann út þann 31. júlí 2023 verði framlengdur með viðauka frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024, með þeim hætti að framlög til tónlistarskólans verða óbreytt frá fyrri samningi. Framlög verði tímabundið óbreytt þrátt fyrir breytingu á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem tóku gildi þann 29. júní 2023, sem leiða til skerðingar framlaga vegna aldurs nemenda Tónstofu Valgerðar.

Vegna sérstöðu Tónstofu Valgerðar hvað varðar tónlistarnám fullorðins fólks með staðfesta fötlunargreiningu gilda, vegna skólaársins 2023 til 2024, ekki aldursviðmið reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem tóku gildi þann 29. júní 2023.

Einnig er lagt til að hafið verði formlegt samtal við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og ríkisvaldið um hvernig fjármögnun tónlistarnáms fullorðins fólks með fötlun verður best fyrirkomið til framtíðar.

Sviðsstjóra er falið að gera samning um kennslu á neðri stigum í samræmi við endanlega útreikninga og fjárheimildir sviðsins. Jafnframt verði í viðauka vegna neðri stiga tekið tillit til breytinga sem verða á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla eftir því sem við á vegna undanþágu fullorðins fólks með staðfesta fötlunargreiningu.

Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólinn uppfylli skilyrði reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur samkvæmt samningi við tónlistarskólann.

### **Greinargerð:**

I

### **Yfirlit yfir meðferð málsins**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. júní 2023 og í borgarráði þann 29. júní 2023 var samþykkt að gera viðauka við samninga vegna neðri stiga tónlistarnáms við 15 tónlistarskóla í Reykjavík til eins árs. Í greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2023,



vegna afgreiðslu málsins kemur fram að sem stendur verði ekki gerðir viðaukar við samninga tveggja tónlistarskóla á neðri stigum þar sem vinna þurfi enn frekar að útfærslu viðaukanna. Ástæðan væri sérstaða tónlistarskólanna hvað það varðar að báðir sinna í miklu mæli tónlistarnámi fullorðins fólks. Á sama fundi og að framan greinir voru samþykktar breytingar á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem kveða á um ekki sé greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en 18 ára vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir sólarlagsákvæði hvað þetta varðar, sjá [reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla](#).

Með bréfi, dags. 10. júní 2023, gerði Tónstofa Valgerðar athugasemdir skerðingu framlaga vegna nemendafjölda yfir aldursviðmiðum.

Hvað varðar Tónstofu Valgerðar er hér lagt til að þjónustusamningur við tónlistarskólann sem rann út þann 31. júlí 2023 verði framlengdur með viðauka til 31. júlí 2024, með þeim hætti að framlög til tónlistarskólans verða óbreytt kr. 30.829.784,- fyrir skólaárið 2023-2024. Jafnframt verði tímabundið vegna skólaársins 2023 – 2024 gerð undanþága frá þeirri reglu að bein fjárframlög Reykjavíkurborgar séu einungis vegna 18 ára og yngri í fornámi, grunnnámi og námi á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng 26 ára og yngri ( vegna neðri stiga tónlistnáms ). Skilyrði undanþágu aldursviðmiða er að nemandi sé með staðfesta fötlunargreiningu.

### *Eldri samþykktir*

Vegna neðri stiga er um að ræða framlengingu með viðauka við samning sem samþykkt var að gera til þriggja ára á fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017. Umræddur samningur hefur áður verið framlengdur til eins árs í senn á grundvelli samþykktar skóla- og frístundaráðs þann 23. júní 2020, í borgarráði þann 13. ágúst 2020 og þann 11. maí 2021 í skóla- og frístundaráði og í borgarráði þann 20. maí 2021. Jafnframt var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2022 og í borgarráði þann 7. júlí 2022 að samningur vegna neðri stiga tónlistarnáms yrðu framlengdir til 31. júlí 2023.

Hvað varðar Tónstofu Valgerðar þá var gerður samningur við tónlistarskólann þann 18. ágúst 2017 með gildistíma frá 1. september 2017 til og með 31. júlí 2020. Við samninginn hafa verið gerðir viðaukar, dags. 28. ágúst 2020, 7. júní 2021 og 18. ágúst 2022.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2023, sem lögð var fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. júní 2023 og í borgarráði þann 29. júní 2023.

### *Skilyrði framlengingar samninga vegna neðri stiga*

Í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og í samningum við tónlistarskólana eru sett fram ýmis skilyrði er varða nýtingu fjármagns, upplýsingagjöf og fleira.

Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólinn uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur samkvæmt samningi við tónlistarskólann.

Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.



Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólinn uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur samkvæmt þegar gerðum samningi.

### *Fjárhagsleg áhrif*

Ef miðað er við óbreytt rekstrarframlag árið 2023 að fjárhæð kr. 30.859.784,- í stað þess að lækka það um kr. 14.976.253,- vegna aldurs nemenda með staðfesta fötlunargreiningu þarf að óska eftir viðbótarframlagi við fjárhagsáætlun 2023 að fjárhæð kr. 14.976.253,- til að hægt sé að gera óbreyttan samning við Tónstofu Valgerðar ehf.

Heildarframlag vegna tímabilsins er kr. 30.859.776,- og fjöldi kennslustunda að lágmarki 1.767.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 23. ágúst 2023, liggur fyrir en þar kemur fram að fjármála- og áhættustýringarsvið hafi ekki athugasemdir við framlengingu samninga við tónstofu Valgerðar þar sem að framlenging samninga séu nú þegar komnar inn í fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2023. Fjármála- og áhættustýringarsvið hafi rýnt kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs og gerir ekki athugasemdir við það. Vöntun í ramma fyrir skólaárið 2023 - 2024 séu því 14.976 m.kr.

Þar sem var gert ráð fyrir að breyting á þjónustusamningi vegna aldursviðmiða myndi taka gildi 1. ágúst 2023 en hér er verið að óska eftir að því verði frestað til skólaársins 2024 – 2025. Þessar breytingar hafa áhrif á fjárheimildir sviðsins og eru þær háðar samþykki borgarráðs/borgarstjórnar.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2023 verður óskað eftir viðauka við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.



## Umsögn

**Viðtakandi:** Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs  
**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

**Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um framlengingu samnings við tónstofu Valgerðar vegna neðri stiga tónlistarnáms.**

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs á framlengingu samnings við tónstofu Valgerðar vegna neðri stiga tónlistarnáms.

Lagt er til að samningur Reykjavíkurborgar við Tónstofu Valgerðar vegna neðri stiga tónlistarnáms sem rann út þann 31. júlí 2023 verði framlengdur með viðauka til 31. júlí 2024, með þeim hætti að framlög til tónlistarskólans verða óbreytt frá fyrri samningi. Framlög verði tímabundið óbreytt þrátt fyrir breytingu á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem tóku gildi þann 29. júní 2023, sem leiða til skerðingar framlaga vegna aldurs nemenda Tónstofu Valgerðar. Þá er lagt til að vegna sérstöðu Tónstofu Valgerðar hvað varðar tónlistarnám fullorðins fólks með staðfesta fötlunargreiningu gildi ekki aldursviðmið reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem tóku gildi þann 29. Júní 2023 vegna skólaársins 2023 til 2024.

Tillagan felur í sér að framlög til tónlistarskólans verða óbreytt kr. 30.829.784,- fyrir skólaárið 2023-2024. Jafnframt verði tímabundið vegna skólaársins 2023 – 2024 gerð undanþága frá þeirri reglu að bein fjárframlög Reykjavíkurborgar séu einungis vegna 18 ára og yngri í fornámi, grunnnámi og námi á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng 26 ára og yngri ( vegna neðri stiga tónlistarnáms). Skilyrði undanþágu aldursviðmiða er að nemandi sé með staðfesta fötlunargreiningu.

Ef miðað er við óbreytt rekstrarframlag fyrir skólaárið 2023-2024 að fjárhæð kr. 30.859.784,- í stað þess að lækka það um kr. 14.976.253,- vegna aldurs nemenda með staðfesta fötlunargreiningu, þarf að óska eftir viðbótarframlagi við fjárheimildir skóla- og frístundasviðs að fjárhæð kr. 14.976.253,- til að hægt sé að gera óbreyttan samning við Tónstofu Valgerðar ehf.

### Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ekki athugasemdir við framlengingu samninga við tónstofu Valgerðar þar sem að framlenging samninga eru nú þegar komnar inn í fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna skólaársins 2023-2024. Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs og gerir ekki athugasemdir við það. Vöntun í ramma fyrir skólaárið 2023-2024



SFS22050078  
Reykjavík, 23. ágúst 2023

er því 14.976 þ.kr. þar sem var gert ráð fyrir að breyting á þjónustusamning myndi taka gildi 01. ágúst 2023 en hér er verið að óska eftir að því verði frestað til skólaársins 2024-2025. Þessar breytingar sem hafa áhrif á fjárheimildir sviðsins eru háðar samþykki borgarráðs/borgarstjórnar.

*Haldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*

## Viðauki við þjónustusamning við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og Tónstofa Valgerðar ehf, kt. 481101-2040, hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan viðauka við þjónustusamning sömu aðila dags. 18. ágúst 2017 auk viðauka sem við hann var gerður 28. ágúst 2020, 7. júní 2021 og 18. ágúst 2022.

### 1. gr. Forsendur viðauka

- 1.1. Þjónustusamningur aðila, dags. 18. ágúst 2017 auk viðauka sem við hann voru gerðir þann 28. ágúst 2020, 7. júní 2021 og 18. ágúst 2022 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla eru órjúfanlegur hluti viðauka þessa.

### 2. gr. Breytingar á samningnum og framlenging

- 2.1 Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfrjármagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er gildistími samnings aðila dags. 18. ágúst 2017 auk viðauka sem við hann voru gerðir 28. ágúst 2020, 7. júní 2021 og 18. ágúst 2022 framlengdur frá 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024 með eftirfarandi breytingum:

- a) Gr. 2.1 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarframlag til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er framlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans 30.859.776,- kr. á samningstímanum 1. ágúst 2023 til 31. júlí 2024.
- b) Gr. 2.2 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans eru einungis vegna nemenda á átjándá ári (18) og yngri vegna fornáms, grunnnáms og náms á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnámi í söng á tuttugasta og sjötta ári (26) og yngri. Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík og falli utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Vegna sérstöðu Tónstofu Valgerðar hvað varðar tónlistarnám fullorðins fólks með staðfesta fötlunargreiningu gilda, vegna skólaársins 2023 til 2024, ekki framangreind aldursviðmið reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem tóku gildi þann 29. júní 2023. Skilyrði undanþágu er staðfest fötlunargreining.

- c) Gr. 2.5 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Gerður er fyrirvari um að framlag sem greiðist á árinu 2024 er með fyrirvara um árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.
- d) Gr. 3.4 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Tónlistarskólinn kennir að lágmarki 1.767 nemendastundir á ári fyrir árlegt framlag á samningstímanum.
- e) Gr. 4.1 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Umsækjendur um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.



- f) Gr. 5.2 breytist með þeim hætti að við hana bætist eftirfarandi:  
Auk þess upplýsingar um um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.

### 3. gr. Gildistími samnings

- 3.1 Gr. 7.1 samnings aðila verður svohljóðandi:  
Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. ágúst 2023 til og með 31. júlí 2024.

### 4. gr. Varnarping, undirritun ofl.

- 4.1 Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings aðila frá dags. 18. ágúst 2018 auk viðauka sem við hann voru gerðir 28. ágúst 2020, 7. júní 2021 og 18. ágúst 2022 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings og viðauka við hann kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.
- 4.2 Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.
- 4.3 Viðaukasamningur þessi er gerður í tveimur(2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framgreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér í undir í votta viðurvist.

Reykjavík,

2023

---

F.h. Reykjavíkurborgar  
vegna skóla- og frístundasviðs

---

F.h. tónlistarskólans

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu skóla- og frístundasviðs um fjárræði:  
Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu tónlistarskólans um fjárræði:

---

Nafn og kennitala

---

Nafn og kennitala

---

Nafn og kennitala

---

Nafn og kennitala

Fylgiskjal viðaukans:

Reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamning við tónlistarskóla, með síðari breytingum. Síðustu breytingar reglnanna voru samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 26. júní 2023 og í borgarráði þann 29. júní 2023.



## Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

### 1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

- 1.1 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra.
- 1.2 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin.
- 1.3 Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir:
  - 1.3.1 Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
  - 1.3.2 Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans.
  - 1.3.3 Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til.
  - 1.3.4 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

### 2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

- 2.1 Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985.
- 2.2 Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík. Jafnframt er stuðningurinn bundinn við nemendur á átjándá ári (18) og yngri



vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og við nemendur á tuttugasta og sjötta ári (26) og yngri vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng.

- 2.2 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 29. mars 2022, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.
- 2.3 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukánámsgreinum auk stjórnunarstunda skv. kjarasamningum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi.
- 2.4 Jafngildi grunnstignemanda í fullu námi er í reglum þessum talið 38 nemendastundir á ári.
- 2.5 Þegar fjallað er um aldursviðmið, hámarksaldur nemenda, í reglum þessum er miðað við árið sem nemandi nær tilteknum aldri.

### 3. gr.

#### Markmið

- 3.1 Markmið reglna þessara er:
  - 3.1.1 Að stuðla að góðu, faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík.
  - 3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi.
  - 3.1.3 Að stuðla að því að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

### 4. gr.

- 4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

### 5. gr.

#### Um fjárframlag til tónlistarskóla

- 5.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.
- 5.2 *Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Ekki er greitt fjárframlag í þágu kennslu nemenda eldri en



18 ára vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og ekki í þágu kennslu nemenda eldri en 26 ára vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

**5.3** *Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms:* Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 29. mars 2022 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.

**5.4** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

**5.5** *Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:*

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda 18 ára og yngri í fornámi, grunnnámi og námi á miðstigi í hljóðfæraleik og vegna nemenda í fornámi og grunnnámi í söng 26 ára og yngri ( vegna neðri stiga tónlistarnáms ). Auk þess sem það er skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík og falli utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

**5.6** Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.

**5.7** Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

**5.8** Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.



- 5.9** Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélög tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.
- 5.10** Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávíkagreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.
- 5.11** Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna lang tímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

## **6. gr.**

### **Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags**

- 6.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.
- 6.2** Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.
- 6.3** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda ( 150 ) eða ígildi þess ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

## **7. gr.**

### **Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms**

- 7.1** Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:
- 7.1.1** Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.



**7.1.2** Aðalnámskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólaskólastarfinu og mæta áhuga nemenda.

**7.1.3** Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar tónlistarnáms á neðri stigum.

**7.1.4** Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fáir hverjir nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámssgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

**7.1.5** Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

## **8. gr.**

### **Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms**

- 8.1** Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. mars 2022 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnalesgra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.
- 8.2** Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.
- 8.3** Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

## **9. gr.**



## Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms

- 9.1** Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar.
- 9.2** Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.
- 9.3** Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.
- 9.4** Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

### 10. gr.

#### Kaup á viðbótarþjónustu

- 10.1** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

### 11. gr.

#### Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 11.1** Umsækjendur um nám í tónlistarskóla sækja um það hjá þeim tónlistarskóla sem þeir óska eftir að sækja. Umsókn og innritun er á ábyrgð viðkomandi tónlistarskóla. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að afla upplýsinga frá tónlistarskólanum um umsækjendur, stöðu á biðlista og skráða nemendur með lögheimili í Reykjavík sem greitt er fjárframlag vegna.

### 12. gr.

#### Upplýsingagjöf og eftirlit

- 12.1** Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.
- 12.2** Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers. Jafnframt upplýsingar um áætlaðan nemendafjölda, fjölda umsókna, stöðu á biðlista og upplýsingar um nöfn og kennitölur nemenda með lögheimili í Reykjavík og nám þeirra.



- 12.3** Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafið tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.
- 12.4** Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.
- 12.5** Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.
- 12.6** Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.
- 12.7** Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

### **13. gr.**

#### **Menntun skólastjórna og kennara**

- 13.1** Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.
- 13.2** Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.
- 13.3** Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.
- 13.4** Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.

### **14. gr.**

#### **Samningstími**

- 14.1** Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.
- 14.2** Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.





## 15. gr.

### Vanefndir á þjónustusamningi

- 15.1** Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- 15.2** Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 12.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 12.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 12.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

## 16. gr.

### Gildistaka

- 16.1** Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. mars 2022 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

### Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 5.11 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.

Síðasti málsliður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar á ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bættan neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019, 2019 – 2020, 2020 – 2021, 2021 – 2022 og 2022 – 2023 og 2023 – 2024 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður hefur verið þjónustusamningur við vegna tímabilanna 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, 1. september 2017 til 31. júlí 2020, 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021, 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023 vegna neðri stiga tónlistarnáms. Jafnframt gagnvart þeim sem gerður hefur verið samningur árlega vegna efri stiga frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018. Hafí orðið breyting á



sammingsaðila á framangreindum tímabilum nær ákvæðið til þeirra sem verða með þjónustusamning vegna skólaársins 2023 – 2024. Bráðabirgðaákvæðið fellur úr gildi þann 31. júlí 2024.

Eftirfarandi gildir til bráðabirgða vegna ákvæða 2.2, 5.2 og 5.5 reglna þessara vegna neðri stiga tónlistarnáms:

Nemendur yfir 18 ára aldri sem þegar stunda nám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka námi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 25 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 18 ára aldri í fornámi, grunnnámi og miðnámi. Þeir sem hófu nám fyrir 18 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu, miðað við eðlilega námsframvindu, til 23 ára aldurs til að ljúka grunn- og miðprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla á sama hljóðfæri. Hafi nemandi lokið grunnprófi fyrir 18 ára aldur hefur hann til 23 ára aldurs til að ljúka miðprófi þó svo viðkomandi hafi gert hlé á námi á tímabilinu. Sem fyrr er greitt rekstrarframlag vegna náms á framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Nemendur yfir 26 ára aldri sem þegar stunda söngnám skólaárið 2022-2023 í tónlistarskólum með gildandi þjónustusamning við Reykjavíkurborg fá undanþágu til að ljúka söngnámi sínu miðað við eðlilega námsframvindu til 30 ára aldurs.

Frá og með skólaárinu 2023-2024 verður ekki heimilt að nota fjárframlag vegna eða í þágu nýrra nemenda sem náð hafa 26 ára aldri í grunnnámi í söng. Þeir sem hófu nám fyrir 26 ára aldur frá þeim tíma fá þó undanþágu til að fjárframlag sé notað í þeirra þágu miðað við eðlilega námsframvindu til 28 ára aldurs til að ljúka grunnprófi. Undanþágan á einnig við þó nemandi hefji nám í öðrum tónlistarskóla í söng. Sem fyrr er greitt fjárframlag vegna náms á mið- og framhaldsstigi gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt gildandi samkomulagi þar um.

Sem áður er það skilyrði að nemendur séu með lögheimili í Reykjavík auk annarra skilyrða sem þarf að uppfylla.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017, breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 9. september 2020 og í borgarráði þann 17. september 2020 og breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 11. maí 2021 og í borgarráði þann 20. maí 2021, sbr. jafnframt í skóla- og frístundaráði þann 27. júní 2022 og í borgarráði þann 7. júlí 2022. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 26. júní 2023 og í borgarráði þann 29. júní 2023.

**ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ TÓNLISTARSKÓLA VEGNA NEÐRI STIGA TÓNLISTARNÁMS**

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 annars vegar og Tónstofa Valgerðar ehf kt.481101-2040 hins vegar, hér eftir tónlistarskólinn, gera með sér svofelldan samning í samræmi við reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum, sem er fylgiskjal með samningi þessum og órjúfanlegur hluti hans:

**1. gr.****Markmið**

- 1.1. Markmið samningsaðila er að styrkja og efla tónlistarskólanám í Reykjavík.

**2. gr.****Fjárframlög**

- 2.1. Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms og er árlegt framlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans 23.133.096 kr. á samningstímanum 1. september 2017 til 31. júlí 2020.
- 2.2. Fjárframlög Reykjavíkurborgar eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Fjárframlög Reykjavíkurborgar eru vegna nemenda sem stunda fornám, grunnnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnnám í söng ( neðri stig tónlistarnáms).
- 2.3. Um framlag Reykjavíkurborgar gilda reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla dags. samþykktar í borgarráði þann 9. febrúar 2017, með síðari breytingum. Þess skal getið í kynningarefni skólans að skólinn njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.
- 2.4. Tónlistarskólinn nýtir árlegt fjárframlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindur er í samningi þessum. Framlag vegna umsaminna kenndra nemendastunda getur tekið breytingum í samræmi við breytingar kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og FÍH og FT. Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.
- 2.5. Gerður er fyrirvari um að framlag á síðari tveimur samningsárunum er með fyrirvara um árlegan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur.
- 2.6. Tónlistarskólinn skal innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.
- 2.7. Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi hans sé í samræmi við þjónustusamning þennan. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar er að hann starfi að fullu samkvæmt reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.8. Tónlistarskólanum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélag tónlistarskólakennara á hverjum tíma. Í

Flu  
S.G.

- Þessu felst meðal annars að tónlistarskólanum ber að tryggja að mat á menntun og reynslu tónlistarkennara sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga.
- 2.9 Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en óheimilt er að nota fjármagn frá Reykjavíkurborg til greiðslu slíks kostnaðar.
- 2.10 Skilyrði fyrir nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara við kennslu er að fyrir liggi skrifleg beiðni tónlistarskóla um að tónlistarkennari leggi sjálfur til tölvu. Að öðru leyti fer um nýtingu framlags vegna tölvunotkunar tónlistarkennara samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Tónlistarskólinn skal skila í árlegri greinargerð samkvæmt gr. 5.5 í samningi þessum, yfirliti um notkun tölvu í eigu tónlistarkennara sem greitt er fyrir.
- 2.11 Tónlistarskólanum er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skóla við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum tiltekins kennara, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum, til samræmis við gr. 5.11 í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 2.12 Heildarframlag til tónlistarskóla, árlegt framlag og aukaframlag skv. gr. 2.11., þjónustusamnings þessa verður aldrei hærra en sem nemur raunverulegum launakostnaði skólans vegna kennslu og stjórnunar vegna neðri stiga á viðkomandi ári.
- 2.13 Framlag skv. gr. 2.1 greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skal greitt út síðasta virka dag hvers mánaðar (eftirá).

### 3. gr.

#### Kennsla og kennslumagn á grundvelli framlags

- 3.1 Tónlistarskólinn skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.
- 3.2 Tónlistarskólinn ábyrgist að kennsla þeirra nemenda, sem innritaðir eru í skólann, sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem áhrif kunna að hafa á rekstur tónlistarskóla. Aðalnámsskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámsskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólalærslu og mæta áhuga nemenda.  
[Tónlistarskólanum er heimilt að nýta fjármagn með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.]
- 3.3 Tónlistarskólinn upplýsir í starfsáætlun skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um hversu margar nemendastundir hann getur kennt að lágmarki fyrir áætlað framlag Reykjavíkurborgar.
- 3.4 Tónlistarskólinn kennir að lágmarki 1733 nemendastundir á ári fyrir árlegt framlag á samningstímanum.
- 3.5 Framlag samkvæmt samningnum tekur til kennslu þeirra nemenda sem falla undir reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 1.1. í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

- 3.6 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í grein 3.4 í samningi þessum en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags, sbr. gr. 2.1 samningsins.
- 3.7. Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því í starfsáætlun og greinargerð og taka fram hvort og með hvaða hætti það hefur áhrif á það heildarkennslumagn sem hverjum nemanda í fullu námi býðst.
- 3.8 Nemendur skulu fá kennslu að lágmarki í samræmi við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000 og reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.
- 3.9 Sjái tónlistarskólinn sér ekki fært að uppfylla skilyrði um kennsluskyldu eða þjónustu miðað við forsendur þær er fram koma í samningi þessum skal skólinn tilkynna skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar það svo fljótt sem verða má. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar mun þá endurskoða fjárhæð framlags og lækka framlagið í samræmi við breyttar forsendur.

#### 4. gr.

##### Umsókn og innritun í tónlistarskóla

- 4.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar. Tónlistarskólinn ber ábyrgð á að upplýsingar í innritunarkerfi Reykjavíkurborgar um nemendur sem eru í skólanum séu réttar og að þær séu í samræmi við nám þeirra í skólanum.
- 4.2 Tónlistarskólinn skal setja sér inntökureglur og birta á heimasíðu sinni. Tónlistarskólinn skal gæta jafnræðis við inntöku nemenda og skulu aðferðir skólans við mat á umsækjendum vera gagnsæjar og aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans. Kostnaður vegna námsins skal tilgreindur með skýrum og aðgengilegum hætti og vera umsækjendum um nám ljós áður en þeir senda inn umsókn sína.

#### 5. gr.

##### Upplýsingagjöf og eftirlit skóla- og frístundasviðs

- 5.1 Tónlistarskólinn skilar starfsáætlun eigi síðar en 1. júlí ár hvert samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samræmis við gr. 12.1 í reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- 5.2 Tónlistarskólinn afhendir að beiðni skóla- og frístundasviðs þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkenndu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu skóla- og frístundasviðs hverju sinni, sbr. Tónalaun eða á öðru sambærilegu formi.
- 5.3 Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar. Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda. Ef um samkenndu er að ræða þarf að tilgreina hversu margir nemendur eru í hóp. Upplýsingum skal skilað á því formi sem óskað er eftir af hálfu Reykjavíkurborgar hverju sinni.

- 5.4 Tónlistarskólinn sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí. [ Heimilt er fram að skólaárinu 2019-2020 að hafa sama uppgjörstímabil og áður en tilkynna ber skóla- og frístundasviði um það val. Skil á ársreikningum skal vera eigi síðar en sex mánuðum eftir að fjárhagsári lýkur. ]
- Reikningar skulu áritaðir af framkvæmdastjóra (skólastjóra), stjórn félagsins (skólanefnd) og endurskoðendum. Í ársreikningi skulu tekjur af skólagjöldum vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms sundurgreindar í skýringum þegar við á. Jafnframt skal sundurgreina launakostnað vegna kennslu og stjórnunar sérstaklega vegna neðri og efri stiga tónlistarnáms þegar við á. Sama gildir um aukaframlag vegna langtíma forfalla tónlistarkennara vegna veikinda eða slysa.
- 5.5 Tónlistarskólinn skilar greinargerð til skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert. Í greinargerð komi fram upplýsingar um starfsemi skólans, s.s. fjölda nemenda, fjölda nemenda á biðlista, fjölda kenndra nemendastunda, fjölda kennara og stöðugilda, innritunarreglur og innritunarviðmið, fjölda áfangaprófa, yfirlit yfir eigin tölvunotkun tónlistarkennara, yfirlit yfir tónleika, nýjungar í skólastarfi, upplýsingar um skólagjöld við skólann á mismunandi námsstigum auk afslátta ef um slíkt er að ræða og annað það sem skólar vilja taka fram eða Reykjavíkurborg óskar eftir.
- 5.6 Tónlistarskólanum er einnig skylt að veita skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða tónlistarfræðslu í Reykjavíkurborg.

## 6. gr.

### Vanefndir og leiðréttingar

- 6.1 Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.
- 6.2 Komi í ljós að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafi ofgreitt framlag til tónlistarskóla af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka, mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Tónlistarskólinn getur óskað eftir því að endurgreiðslu verði dreift á þrjá mánuði.

## 7. gr.

### Gildistími og áskilnaður um rekstrarhæfi

- 7.1. Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 1. september 2017 til og með 31. júlí 2020.
- 7.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja samningnum upp fyrr er gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir og miðast við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

- 7.3 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskólans.

#### 8. gr.

##### **Þagmælska starfsfólks og meðferð stjórnsýslumála**

- 8.1 Starfsfólk tónlistarskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.
- 8.2 Tónlistarskólinn skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga við töku ákvarðana er varða réttindi og skyldur nemenda í tónlistarskólanum.

#### 9. gr.

##### **Fyrirvari vegna breytinga á lögum**

- 9.1. Verði gerð breyting á lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað er gerður almennur fyrirvari við samning þennan, ef breytingarnar kalla á endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa.

#### 10. gr.

##### **Force Majeure.**

- 10.1. Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

#### 11. gr.

##### **Fjárhagsleg ábyrgð og framsal**

- 11.1. Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri tónlistarskólans.
- 11.2 Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

#### 12. gr.


##### **Varnarþing**

- 13.1 Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


13. gr.  
Undirritun

14.1. Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 18.8.2017





F.h. Reykjavíkurborgar  
vegna skóla- og frístundasviðs  
Reykjavíkurborgar



F.h. Tónstofu Valgerðar ehf

Vottar að dags. og undirskriftum:

 kt 170462-4599 kt 110860-5389

Viðauki

Reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla